

55
23. apríl

RÁÐUNEYTISBRÉF

um þingsuppsögn.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Að það veitir hér með forsætisráðherra Hermanni Jónasyni umboð til þess í nafni ráðuneytisins að segja Alþingi slitið, er það hefir að þessu sinni lokið störfum sínum.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

56
7. maí

RÁÐUNEYTISÚRSKURÐUR

um meðferð konungsvalds.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Samkvæmt 14. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. alþingisályktun 10. apríl 1940, fer ráðuneyti Íslands með konungsvald á samkomu ráðherra, er heitir ríkisráð, og stýrir forsætisráðherra samkomunni. Þar skal bera upp lög og aðrar mikilvægar stjórnarráðstafanir.

Í ríkisráði skal ráðherra sá, er stöðu sinni samkvæmt fer með mál, bera það upp til úrskurðar. Ráðherrar allir, er svo eru heilir að til þess séu færir, og sé unnt að ná til þeirra, rita nöfn sín undir ályktun sem handhafar konungsvalds, enda bera þeir enga ábyrgð á ályktun vegna undirskriftar sinnar. Lögmaet er ályktun þó, ef meiri hluti ráðherra undirritar hana. Greina skal í gerðabók ríkisráðs, hvers vegna ráðherra hafi eigi undirritað ályktun. Ráðherra sá, er með málið fer, ritar síðan nafn sitt undir ályktun og ber ábyrgð á henni lögum samkvæmt.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.